33. Kristinn Guðjónsson, Laufásvegi 26 og Sveinn Guðmundsson Bræðraborgarstíg 1, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 55 við Víðimel. Stærð 88.23 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 70.00.

34. Sigurbór Jónsson, Hafnarstræti 4, sækir um leyfi til að gera kjallara undir hluta af húsinu Hafnarstræti 4. Frestað.

35. Elias Bjarnason, Laufásvegi 18, sækir um leyfi til að hafa handrið á á stigum í húsi sínu nr. 18 við Laufásveg, 63 cm. á hæð. Samþykkt.

36. Lagt fram bréf frá Sambandi meistara í byggingariðnaði í Reykjavík, er bæjarráð vísaði til nefndrinnar. Umsogn byggingarfulltrúa um bréfið var og lögð fram, svo og bréf frá Einari Jóhannssyni múrarmeistara, dagsett 9. maí, og enn fremur bréf frá eigendum of verktökum húsanna nr. 9 og 11 við Vífilsgötu, um deilu sem risið hefir út af byggingu þeirra húsa.

Ár 1938, miðvikudaginn 25. maí, kl. 5 s.d., hélt byggingarnefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Landsbanki Íslands sækir um leyfi til að sameina eignina nr. 11 við Austurstræti og nr. 14 við Hafnarstræti með millibyggingu úr steinsteypu, 233.73 ferm. að stærð. Samþykkt. Gjald kr. 221.00.
2. Felix Jónsson, Baldursgötu 7, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 7 við Baldursgötu. Stærð 35.18 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 27.00.
3. Páll Stefánsson, Bergþórugötu 14, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14A við Bergþórugötu. Stærð 77.29 ferm. Frestað.
4. Guðm. Jónsson, Garðastræti 14, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 16 (A) við Bergþórugötu. Stærð 82.70 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 65.00.
5. Ásgeir Þorsteinsson, Fjölnisvegi 12, sækir um leyfi til að stækka úr steinsteypu, húsið nr. 12 við Fjölnisveg, um 21.67 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 12.00.
6. Guðm. Jónsson, Garðastræti 14, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 16A við Bergþórugötu. Stærð 82.70 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 65.00.
7. Haraldur Runólfsson, Bræðraborgarstíg 24, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á leigulóðinni nr. 16 við Fossagötu. Stærð 56.ferm. Frestað.
8. Pálmi Þorsteinsson og Björn Jónsson, Grettisgötu 78, sækja um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 78 við Grettisgötu. Ennfremur að breyta gluggum á sama húsi. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
9. Ásgrímur Guðjónsson, Holtsgötu 20, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 20 við Holtsgötu. Stærð 18.56 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
10. Jón G. Nikulásson, Bárugötu 17, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 5 við Hrefnugötu. Stærð 91.68 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að reykháfur verði gerður samkvæmt byggingarsamþykkt Reykjavíkur. Gjald kr. 69.00.
11. Ari K. Eyjólfsson, Hringbraut 63 og Viggó Eyjólfsson,

Vífilsögötu 11, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 8 við Hrefnugötu. Stærð 83.52 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 67.00.

12. Þeir sömu og í 11.lið, sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 8 við Hrefnugötu. Stærð 21.45 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Björn Ólafsson, Hringbraut 110, sækir um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 110 við Hringbraut. Stækkunin nemur 14.07 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 32.00.

14. Halldór Eiríksson, Hafnarstræti 22, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr timbri, á lóð Fiskifélags Íslands við Ingólfsstræti. Stærð 15.66 ferm. Frestað.

15. Gísli Guðmundsson, Fúlutjörn, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á erfðafestulandinu Kringlumyrarbletti XIV. Stærð 60 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 31.00.

16. Sveinn M. Hjartarson, Bræðraborgarstíg 1, sækir um leyfi til að stækka inngönguskúr við fjós sitt á erfðafestulandinu Lauglandi, um 6.25 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

17. Þorgrímur Jónsson & Co., Laugarnesvegi 52, sækja um leyfi til að hækka húsið nr. 52 við Laugarnesveg um eina hæð. Stærð 29.00 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 29.00.

18. Stefán Thorarensen, Laugavegi 16, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 16 við Laugaveg um eina hæð úr steinsteypu. Frestað.

19. Gíslá Gíslason, Laugavegi 171, sækir um leyfi til að byggja inngönguskúr úr timbri, við húsið nr. 171 við Laugaveg. Stærð 5.53 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. Ketill Þórðarson, Mánagötu 3, sækir um leyfi til að byggja kolageymslu við húsið nr. 3 við Mánagötu. Stærð 16.43 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

21. Þorgeir Eyjólfsson o.fl., Lokastíg 24A, sækja um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 24A við Lokastíg. Stækkunin nemur 16.72 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 38.00.

22. Jódís Erlígsdóttir, Frakkastíg 17, sækir um leyfi til að byggja, tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 17 við Skeggjagötu. Stærð 58.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 46.00.

23. Jóhann Kristjánsson, Brávallagötu 48, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni

nr. 19 við Skeggjagötu. Stærð 58.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 46.00.

24. Hermann Jónasson, Tjarnargötu 32, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 42 við Tjarnargötu. Stærð 141.91 ferm. Frestað.

25. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 42 við Tjarnargötu. Stærð 24.51 ferm. Frestað.

26.00 Biskup Jóhann M. Meulenberg, Landakoti, sækir um leyfi til að hækka inngönguskúr við íbúðarhús sitt að Landakoti við Túngötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

27. Sveinn Guðmundsson, Bræðraborgarstíg 1, og Kristinn Guðjónsson Laufásvegi 26, sækja um leyfi til að gera ýmsar útlitsbreytingar á húsinu nr. 55 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

28. Einar Sveinsson, Sólvallagötu 36, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 58 við Víðimel. Stærð 110.60 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 93.00.

29. H/f. Edinborg, Hafnarstræti 10 og 12, sækir um leyfi til að byggja einlyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á lóð fyririrtækisins bið fyrirhugaða götu í Rauðarárholti. Stærð 402.71 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 236.00.

30. Halldór Arnórsson, Grettisgötu 2, sækir um leyfi til að byggja kjallara undir húsið nr. 2 við Grettisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 19.00. (Kr. 18.00.).

31. Hjörtur Hjartarson, Bræðraborgarstíg 22A, sækir um leyfi til að gera dyra og gluggabreytingar á kjallara hússins nr. 22A við Bræðraborgarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

32. Jóh. M. Meulenberg, Landakoti, sækir um leyfi til að hækka viðbyggingu við íbúðarhús sitt að Landakoti við Túngötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

33. Guðmundur Jónsson, Garðastræti 14, sækir um leyfi til að skipta lóðinni nr. 16 við Bergþórugötu í tvær lóðir þannig, að hver lóð verði 8.27 m. með götu og 177.8 ferm. Vestri lóðin verði talin nr. 16 við Bergþórugötu en eystri lóðin nr. 16A við Bergþórugötu. Samþykkt.

24. Eftirtöldum mönnum veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

- Nr. 83. Sem múrsmiður Pétur Gíslason, Njálsgötu 110.
- " 231. " trésmiður Indriði Nielsson, Leifsgötu 19.
- " 232. " " Pétur Ketilsson, Baugsvegi 7.

25. Lögð fram tillaga að svari til Sambands meistara í byggingariðnaði í Reykjavík, vegna kæru sambandsins, dags. 23. f.m., út af afskipnum byggingarfulltrúa af smíði hússins Baldursgötu 36. Ennfremur lögð fram tvö bréf, annað frá allmörgum byggingarmeisturum, og er þar lýst trausti á byggingarfulltrúa, hitt frá Pétri Gíslasyni, múrara, sem hefir unnið að byggingu húsanna nr. 9 og 11 við Vífilsgötu.

Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.

36. Samkvæmt 5. gr. byggingarsamþykktarinnar fyrir Reykjavík samþykkir nefndin að þeir, sem girða lóðir sínar við Götur bæjarins, skuli sækja um leyfi byggingarnefndar og fylgi beiðninni útlitsmynd girðingarinnar með afstöðumynd, svo og lýsing á heim girðingum, sem fyrir eru á næstu lóðum. Felur nefndin byggingarfulltrúa, að auglýsa nú þegar samþykkt þessa, og hafa eftirlit með því að henni verði fylgt.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Hörður Bjarnason. Guðm. Eiríksson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.

Tómas Jónsson.

Ar
nefndi
1.
til að
Samtyk
2.
til að
Baróns
3.
til að
stýg.
4.
til að
46 við
56.00.
5.
að byg
við Be
6.
til að
bletti
7.
að bygg
við Fál
8.
til að
Sóleyja
9.
að hækka
5.00.
10.
byggja
við Fló
11.
leyfi t
16. við
12.
að bygg
Grundar

Ár 1933, fimmtudaginn 9. júní, kl. 5 s.d., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Þorvaldur Sigurðsson, Leifsgötu 15, sækir um leyfi til að breyta gluggum á kjallara hússins nr. 12 við Barónsstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
2. Héðinn Valdimarsson, Sjafnargötu 14, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 39 við Barónsstíg. Stærð 11.45 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
3. Einar Þorgrímsson, Ljósvallagötu 8, sækir um leyfi til að breyta innréttingu efri hæðar hússins nr. 43 við Barónsstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Eyjólfur Jónsson, Bergstaðastræti 46, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 46 við Bergstaðastræti. Stærð 69.83 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 56.00.
5. Páll Stefánsson, Bergþórugötu 14, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14a við Bergþórugötu. Stærð 77.29 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 61.00.
6. Margrét Guðmundsdóttir Bústaðabletti IX, sækir um leyfi til að byggja hæsnahús úr timbri, á erfðafestulandinu Bústaðabletti IX. Stærð 44.0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 11.00.
7. Sigurjón Sigurðsson, Fálkagötu 20, sækir um leyfi til að byggja einlyfta vinnustofu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 20 við Fálkagötu. Stærð 48.0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 13.00.
8. Siguringi Hjörtleifsson, Sóleyjarg. 15, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15 við Sóleyjargötu. Stærð 82 ferm. Frestað.
9. Hafliði Jóhannsson, Freyjugötu 45, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 7 við Flókagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
10. Björn Rögnvaldsson, Managötu 2, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 11 við Flókagötu. Stærð 101.86 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 76.00.
11. Haraldur Runólfsson, Bræðraborgarstíg 24, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 16. við Fossagötu. Stærð 56.0 ferm. Frestað.
12. Einar Einarsson, Grundarstíg 10, sækir um leyfi til að byggja bifreiðaskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10 við Grundarstíg. Stærð 11.25 ferm. Frestað.

L~~ö~~- Hjalmar Guðmundsson, Grettisgötu 58, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 30 við Gunnarsbraut. Stærð 87.63 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 69.00.

14. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðaskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 30 við Gunnarsbraut. Stærð 26.25 ferm. Frestað.

15. Sigurbór Jónsson, Hafnarstræti ~~15~~ 4, óskar samþykkis á kjallara undir hluta hússins nr. 4 við Hafnarstræti. Synjað og jafnframt ákveðið að kæra hann fyrir brot á byggingarsamþykktinni.

16. Guðmundur Helgason, Bergþórugötu 35, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 4 við Hrefnugötu. Stærð 83.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 67.00.

17. Þórey Þorsteinsdóttir, Hringbraut 61, sækir um leyfi til að setja stiga í kjallara hússins nr. 61 við Hringbraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

18. Ellert Magnússon, Skeggjagötu 13 og Kjartan Guðmundsson, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóð sinni nr. 73 við Hringbraut. Stærð 97.78 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 77.00.

19. Halldór Eiríksson, Hafnarstræti 22, sækir um leyfi til að flytja til bifreiðaskúr úr timbri, á lóð Fiskifélags Íslands við Ingólfsstræti og Skúlagötu. Stærð 15.66 ferm. Samþykkt með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður. Gjald kr. 5.00.

20. Sveinn M. Hjartarson, Bræðraborgarstíg 1, sækir um leyfi til að byggja svínahús úr timbri, á erfðafestulandinu Laugaland. Stærð 60.0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

21. Sigurbergur Elísson, Laugarnesvegi 55, sækir um leyfi til að breyta þaki hússins nr. 55 við Laugarnesveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

22. Magnús Þorgrímsson, Laugavegi 4, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Laugaveg. Stærð 205.6 ferm. Frestað.

23. Stefán Thorarensen, Laugavegi 16, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 16 við Laugaveg um eina hæð úr steinsteypu. Nefndin vill ekki leyfa meiri veggheð á húsinu en 13.20 á horni Laugavegs og Vegamótastígs.

24. Steingrímur Guðmundsson, Laugavegi 143, sækir um leyfi

til að stækka kvist á götuhlið hússins nr. 143 við Laugaveg.
Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

25. Haraldur Bjarnason, Barónsstíg 59, sækir um leyfi til
að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á leigu-
lóðinni nr. 18 við Mánagötu. Stærð 58.8 ferm. Samþykkt. Gjald
kr. 46.00.

26. Stefán Jakobsson, Lækjargötu 9, sækir um leyfi til
að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr.
20 við Mánagötu. Stærð 58.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 46.00.

27. Ágúst Peterse n, Frakkastíg 5, o.fl., sækja um leyfi
til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni
nr. 26 við Mánagötu. Stærð 87.22 ferm. Samþykkt. Gjald kr.
69.00.

28. Þorl. Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi
til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr.
56 við Rauðarárstíg. Stærð 118.75 ferm. Frestað.

29. Þorl. Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi
til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr.
58 við Rauðarárstíg. Stærð 123.28 ferm. Frestað.

30. Jóhann Eyjólfsson, Sjafnargötu 8, sækir um leyfi til
að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við
Sjafnargötu. Stærð 30.0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.

31. Hermann Jónasson, Tjarnargötu 32, sækir um leyfi til
að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 42
við Tjarnargötu. Stærð 141.91 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 110.00.

32. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðaskúr úr
steinsteypu, á lóðinni nr. 42 við Tjarnargötu. Stærð 25. ferm.
Samþykkt. Gjald kr. 7.00.

33. Einar Sveinsson, Sólvallagöt 36, sækir um leyfi til
að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr.
58 við Víðimel. Stærð 111.97 ferm. Jafnframt óskast felldur
úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, sem samþykktur var á
fundi nefndarinnar 25. maí, 1938. Samþykkt. Gjald kr. 90.00.

34. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr
steinsteypu, á leigulóðinni nr. 58 við Víðimel. Stærð 21.45
ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

35. Aðalsteinn Guðmundsson, Þvervegi 2, sækir um leyfi
til að byggja einlyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóð sinni
við Þverveg og Reykjavíkurveg. Stærð 114.2 ferm. Frestað.

36. Sigurður Einarsson, c/o vélsmiðjan Héðinn, sækir um

leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóa sinni við Hörpugötu. Frestað.

37. Haraldur Arnason, Ausurstræti 22, sækir um leyfi til að byggja garðskála úr timbri og gleri, á lóðinni nr. 20 við Austurstræti. Stærð 25.5 ferm. Samþykkt sem bráðabirgðaskýli, enda verði það tekið burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafiz, verður. Gjald kr. 7.00.

38. Vilhjálmur Gunnarsson, Njálsgötu 83, sækir um leyfi til að breyta afs öðu geymsluhúss þess á lóðinni nr. 83 við Njálsgötu, er samþykktur var á fundi nefndarinnar 30. sept. 1937. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi sliðið.

Tómas Jónsson. Hörður Bjarnason. Einar Sveinsson.
Guðm. Oddsson. Guðm. Eiríksson. Pétur Þingmúndansson. Jón Axel Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.
Tómas Jónsson.

Ar
nefndi
1.
að bre
nr. 7
2.
byggja
nr. 9
3.
að byg
51 við
4.
til að
þykk
5.
til að
nemur 8
6.
til að
Gjald k
7.
húsið r
8.
Skothú
úr stel
37 ferm
9.
að bygg
183 við
10.
byggja
Kringlu
42.00.
11.
að hæk
Samþykk
12.
til að

Ár 1938, fimmtudaginn 23. júní, kl. 5 e. h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Felix Jónsson o.fl. Baldursgötu 7, sækja um leyfi til að breyta viðbyggingu beirri, er beir hafa í smíðum við húsið nr. 7 við Baldursgötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
2. Benedikt Elfar, Baldursgötu 9, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Baldursgötu. Stærð 58.8 ferm. Frestað.
3. Helgi Jóhannesson, Bergþórugötu 51, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steini og timbri, á leigulóðinni nr. 51 við Bergþórugötu. Stærð 8.8 ferm. Frestað.
4. Ásgeir Þorsteinsson, Fjölnisvegi 12, sækir um leyfi til að breyta tröppum við hús sitt nr. 12 við Fjölnisveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Albert J. Finnbogason, Frakkastíg 7, sækir um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 7 við Frakkastíg. Stækkunin nemur 8.2 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
6. Ástríður Sigurðardóttir, Norðurstíg 3, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 75 við Grettisgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
7. Magnús Kjarran, Hólatorgi 4, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 4 við Hólatorg, um 17.28 ferm. Frestað.
8. Sveinn B. Valfells Eiríksgötu 31 og María Benedikz, Skothúsveg 15, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 2 við Hrefnugötu. Stærð 124.37 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 103.00.
9. Óskar Valdimarsson, Nýlendugötu 6, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 183 við Hringbraut. Stærð 86.05 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 67.00.
10. Karl Þórhallsson, Vitatorgshús, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXX. Stærð 80.2 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 42.00.
11. Haraldur Arnason, Laufásvegi 33, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 33 við Laufásveg, um eina hæð úr steinsteypu. Samþykkt. Gjald kr. 38.00.
12. Hermann Gunnarsson, Laugarnesvegi 66 sækir um leyfi til að stækka úr steinsteypu, húsið nr. 66 við Laugarnesveg, um

28.84 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.

13. Magnús Þorgrímsson, Laugavegi 4, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Laugaveg. Stærð 205.6 ferm. Samþykkt að leyfa álmúna að Skólavörðustíg, með stigahúsi, en áskilinn Rétur til þess að gera breytingar á þeim hluta, sém að Laugavegi snýr, í samræmi við heildarlausn fyrirkömulags bygginga á gatnamótum. Gjald kr. 86.00.

14. Einar Erlendsson sækir fyrir hönd dánarbús Jens Lange, um leyfi til að byggja bráðabirgðaviðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 10 við Laugaveg, og enn fremur að breyta fyrirköm-
lagi húss þess er fyrir er á lóðinni. Stærð 84.4 ferm. Synj-
að.

15. Friðrik J. Ólafsson, Laugavegi 158, sækir um leyfi til að hækka suðurhlíð hússins nr. 158 við Laugaveg. Synjað.

16. Sölusamband Íslezkra fiskframleiðenda, sækir um leyfi til að setja glugga á vesturgafli verksmiðjuhússins á lóðinni nr. 22 við Lindargötu. Frestað.

17. Hallfríður Þorsteinsdóttir, Lokastíg 25, sækir um leyfi til að setja glugga á kjallara hússins nr. 25 við Lokastíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

18. Útvegsbanki Íslands h/f., Lækjartorgi 1, sækir um leyfi til að stækka viðbyggingu þá, er bankinn hefir í smíðum við hús sitt nr. 1 við Lækjartorg, og enn fremur að breyta gluggum sömu byggingar. Stækkunin nemur 1.60 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

19. Haraldur Bjarnason, Barónsstíg 59 og Stefán Jakobsson, sækja um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því, er þeir hafa í smíðum á leigulóðinni nr. 18 við Mánagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

20. Haraldur Bjarnason, Barónsstíg 59, og Stefán Jakobs-
son, sækja um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því, er
leir hafa í smíðum á leigulóðinni nr. 20 við Mánagötu. Samþykkt.
Gjald kr. 5.00.

21. Þuríður Ólafsdóttir, Njálsgötu 37, sækir um leyfi til að hækka suðurhlíð hússins nr. 37 við Njálsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

22. Kristinn Kristjánsson, Njálsgötu 77, sækir um leyfi til að byggja geymsluhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 77 við Njálsgötu. Stærð 10.05 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

23
leyfi
lóðinn
24
leyfi
lóðinn
25
að byg
við fy
26
að min
um á l
Gjald
27
að ger
götu.
því sk
þegar
28
að byg
inu So
kr. 5.
29
að set
nýrarb
30
til að
Sóleyj
31
gera g
Samþyk
32
að ger
hólgö
33
Bankas
úr ste
107.46
34
12, sæ

23. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. við Rauðarárstíg. Stærð 123.28 ferm. Frestað.
24. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. við Rauðarárstíg. Stærð 123.28 ferm. Frestað.
25. H.f. Litir & Lokk, Rauðarárstíg, sækja um leyfi til að byggja skýli úr bárujárni yfir port við verksmíðu félagsins við fyrirhugaða götu í Rauðarárholti. Stærð 175. ferm. Synjað.
26. Jóhann Eyjólfsson, Sjafnargötu 8, sækir um leyfi til að minnka flatarmál bifreiðarskúrs þess, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 8 við Sjafnargötu, um 3.75 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
27. Garðar Gíslason, Hverfisgötu 4, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr timbri, við húsið Skjaldborg við Skúlagötu. Stærð 26.0 ferm. Samþykkt sem bráðabingðabygging með því skilyrði, að hún verði tekin burtu þenum að kostnaðarlausu, þegar krafist verður. Gjald kr. 14.00.
28. Magnús Guðbrandsson, Víðimel 42, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr timbri við íbúðarhúsið á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXVI. Stærð 7.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
29. Magnús Guðbrandsson, Víðimel 42, sækir um leyfi til að setja glugga og dyr á hæsnahús sitt á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXVI. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
30. Siguringi Hjörleifsson, Sóleyjargötu 15, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15 við Sóleyjargötu. Stærð 8.2 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
31. Richard Thors, Laufásvegi 23, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 25 við Sóleyjargötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
32. Ásgeir Sigurðsson, Sölvhólgötu 12, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 12 við Sölvhólgötu. Stærð 10.90 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
33. Jón Brynjólfsson, Austurstræti 3, og Sveinn Zöega, Bankastræti 14, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Stýrimannastíg. Stærð 107.46 ferm. Frestað.
34. Sigurður Thorarensen og Auðun Sigurðsson, Vífilsgötu 12, sækja um leyfi til að gera girðingu um lóðina nr. 12 við

Vífilsögðu. Samþykkt. Gjald kr.5.00.

35. Páll Lárusson, Freyjugötu 34, sækir um leyfi til að breyta viðbyggingu við húsið nr.34 við Freyjugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

36. Sigurður Ólafsson, Hávallagötu 29, sækir f.h. dánarbús Jóns Þorsteinssonar, um leyfi til að skipta lóðinni nr.1 og 1A við Freyjugötu og nr. 9 við Óðinsgötu, þannig að lóðin nr. 1 við Freyjugötu verði 230.0 ferm., lóðin nr. 1A við Freyjugötu verði 75.6 ferm. og lóðin nr. 9 við Óðinsgötu verði 146.4 ferm. Lóðin nr. 1A við Freyjugötu hafi gangréttindi um tveggja metra breiðan stíg meðfram suðurmörkum lóðarinnar nr. 9 við Óðinsgötu. Frestað.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Hörður Bjarnason. Jón Axel Pétursson.
Pétur Ingvildarson. Guðm. Oddsson. Einar Sveinsson.
Guðm. Eiríksson.

Rét+ innfært ef ir fundargerðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1938, fimmtudaginn 30. júní, kl. 5 s.d., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Magnús Bl. Jónsson, Skólavorðustíg 3, sækir um leyfi til að breyta inngangi hússins nr. 10 við Austurstræti. Samþykkt með því skilyrði, að skúr mót Austurstræti verði tekinn burtu. Gjald kr. 5.00.
2. Benedikt Elfar, Baldursgötu 9, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Baldursgötu. Stærð 58.8 ferm. Frestað.
3. Sveinbjörn Kristjánsson, Skólavörðustíg 15, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 36 við Baldursgötu. Synjað.
4. Helgi Jóhannesson, Bergþórugötu 51, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, nr. 51 við Bergþórugötu. Stærð 88.0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
5. Guðsteinn Eyjólfsson, Frakkastíg 10, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 10 við Frakkastíg um eina hæð. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
6. Einar B. Einarsson, Grundarstíg 10, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðabifreiðaskúr úr vikursteini á lóðinni nr. 10 við Grundarstíg. Stærð 11.25 ferm. Samþykkt, með því skilyrði, að skúrinn verði tekinn burtu, bænum að kostnaðarlausu, þegar krafizt verður. Gjald kr. 5.00.
7. Magnús Kjaran, Hólatorgi 4, sækir um leyfi til að stækka húsið nr. 4 við Hólatorg um 17.28 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
8. Þorgrímur Guðmundsson, Hverfisgötu 82, sækir um leyfi til að breyta gluggum hússins nr. 82 við Hverfisgötu. Synjað.
9. Björgvin Finnsson, Vesturgötu 41, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 11 við Laufásveg. Stærð 167.29 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 114.00.
10. Stefán Thorarensen, Laugavegi 16, sækir um leyfi til að hækka húsið nr. 16 við Laugaveg um eina hæð úr steinsteypu. Frestað.
11. Jón Dahlmann, Laugavegi 46, sækir um leyfi til að breyta gluggum á bakhlíð hússins nr. 46 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
12. H.f. Sælgætis og efnagerðin Freyja, Lindargötu 4, sæk-

ir um leyfi til að byggja brílyft verksmiðju- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 2A við Lindargötu. Stærð 127.11 ferm. Frestað.

13. Haraldur Sigurðsson, Njálsgötu 90, sækir um leyfi til að breyta innréttingu í kjallara hússins nr. 90 við Njálsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

14. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 40 við Rauðarárstíg. Stærð 123.28 ferm. Samþykkt með því skilyrði að gluggar á horni bakhlíðar verði gerðir eins og á nr. 42. Gjald kr. 97.00.

15. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 42 við Rauðarárstíg. Stærð 123.28 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 97.00.

16. Haraldur Jónsson, Sogabl. XIV, sækir um leyfi til að byggja alifuglahús úr timbri, á erfðafestulandinu Sogabletti XIV. Stærð 75.0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.

17. Jón Brynjólfsson, Austurstræti 3, og Sveinn Zöega, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Stýrimannastíg. Stærð 101.46 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 85.00.

18. O. Kornerup Hansen, Suðurgötu 10, sækir um leyfi til að breyta útliti geymsluhúss á lóðinni nr. 10 við Suðurgötu. Samþykkt með því skilyrði, að skúrinn verði tekinn burtu, bænum að kostnaðarlausu, þegar krafizt verður. Gjald kr. 10.00.

19. Nathan & Olsen, Vesturgötu 2, sækja um leyfi til að hækka austurhluta hússins nr. 2 við Vesturgötu. Frestað.

20. Svava Jónsdóttir og Vilborg Karelisdóttir, Óðinsgötu 18B, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 35 við Víðimel. Stærð 147.1 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 85.00.

21. Kristinn Guðmundsson, Óðinsgötu 25, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 34 við Gunnarsbraut. Stærð 87.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 69.00.

22. Glímufélagið "Ármann" sækir um leyfi til að byggja bátaskýli úr ~~stéin~~ timbri, austanvert við Nauthólsvík, fyrir sunnan fyrirhugað íbróttasvæði við Skerjafjörð. Stærð 127.5 ferm. Samþykkt, með því skilyrði, að skýlið verði tekið burtu, bænum að kostnaðarlausu, þegar krafizt verður. Gjald kr. 43.00.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Eiríksson. Hörður Bjarnason.
Pétur Ingimundarson. Einar Sveinsson. Guðm. Oddsson.

Rétur innfært eftir fundargjöri.
Tómas Jónsson.

...

...

...

...

...

...

...

...

...

...

...

...

...

...

Ár 1938, þriðjudaginn 5. júlí, kl. 5 s.d., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Benedikt Elfar, Baldursgötu 9, sækir um leyfi til að byggja þrilyft íbúðar- og verzlunarhús á lóðinni nr. 9 við Baldursgötu. Stærð 58.8 ferm. Synjað.
2. Nathan & Olsen, Vesturgötu 2, sækja um leyfi til að að hækka austurhluta hússins nr. 2 við Vesturgötu. Tveir greiddu atkvæði með, aðrir greiddu ekki atkvæði.
3. Haraldur Runolfsson, Bræðraborgarstíg 24, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 16 við Fossagötu. Stærð 56.0 ferm. Synjað.
4. Aðalsteinn Guðmundsson, Þvervegi 2, sækir um leyfi til að byggja einlyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóð sinni við Þverveg og Reykjavíkurveg. Stærð 114.2 ferm. - Þar sem nefndin og þeir menn, sem vinna að skipulagningu bæjarins gera ráð fyrir tvílyftum húsum á þessum slóðum, getur nefndin ekki leyft byggingu skv. fyrirliggjandi teikningu.
5. Sigurður Einarsson, c/o. vélsn. "Héðinn", sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni við Þverveg. Stærð 68.0 ferm. - Sama ályktun og í 4. lið.
6. Unnur Júlíusdóttir Þvervegi 16, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóð sinni við Þverveg. Stærð 54.51 ferm. Synjað.
7. Sigurður Ólafsson, Hávallagötu 29, sækir f.h. dánargús Jóns Þorsteinssonar, um leyfi til að skipta lóðunum nr. 1 og 1A við Freyjugötu og nr. 9 við Óðinsgötu, þannig að lóðin nr. 1 við Freyjugötu verði 230.0 ferm., lóðin nr. 1A við Freyjugötu verði 75.6 ferm. og lóðin nr. 9 við Óðinsgötu verði 146.4 ferm. Lóðin nr. 1A við Freyjugötu hafi gangréttindi um tveggja m. breiðan sígg meðfram suðurmörkum lóðarinnar nr. 9 við Óðinsgötu. Synjað með 2:2 atkv.
8. L. Höjdahl, Fossagötu, sækir um leyfi til að skipta lóð sinni við Þverveg í 2 lóðir, þannig að vestri lóðin verði 43 m. með götu og 1068 ferm. að stærð, en eystri lóðin, sem verði 13.0 m. með götu, verði 432.0 ferm. að flatarmáli. Synjað.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Pétur Ingimundarson. Hörður Bjarnason.
Guðmundur Eiríksson. Jón Axel Pétursson. Guðm. Oddsson.
Einar Sveinsson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.
Tómas Jónsson.

Ár 1938, fimmtudaginn 14. júlí kl. 5 e. h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Benedikt Elfar, Baldursgötu 9, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Baldursgötu. Stærð 61.5 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 48.00.

2. Guttormur Andrésón, sækir fyrir hönd erfingja Siggeirs Torfasonar um leyfi til að gera ýmsar útlits og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 19 við Laugaveg. Ennfremur að stækka inngönguskúr við það um 1.66 ferm. Frestað.

3. Þorsteinn Þorsteinsson, Laugavegi 52, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á kjallara hússins nr. 52 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

4. Haraldur Bjarnason, Barónsstíg 59, og Stefán Jakobsson, sækja um leyfi til að breyta útliti húss þess, er þeir hafa í smíðum á leigulóðinni nr. 18 við Mánagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

5. Haraldur Bjarnason, Barónsstíg 59, og Stefán Jakobsson, sækja um leyfi til að breyta útliti húss þess, er þeir hafa í smíðum á lóðinni nr. 20 við Mánagötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

6. Ásgeir Þorsteinsson, Fjölsvægi 12, sækir um leyfi til að endurbyggja og stækka lýsisvinnslustöð sína við Köllunarklettsveg. Stækkunin nemur 89.88 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 92.00.

7. Eiríkur Eiríksson, Ránargötu 51, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 51 við Ránargötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

8. Magnús Jónsson, Skarphéðingsgötu 2, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 2 við Skarphéðingsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

9. L. H. Müller, Stýrimannastíg 15, sækir um leyfi til að flytja hús sitt á lóðinni nr. 15 við Stýrimannastíg í húsalínu Oldugötu og setja undir það kjallara úr steinsteypu. Samþykkt, enda verði útbygging hússins í húsalínu. Gjald kr. 29.00.

10. Teitur Magnússon, Sólvallagötu 3, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 30 við Víðimel. Stærð 90.68 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 72.00.

11. Teitur Magnússon, Sólvallagötu 3, sækir um leyfi til

áð byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 32 við Víðimel. Stærð 90.68 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 72.000

12. Svava Jónsdóttir og Vilborg Karelisdóttir, Óðinsgötu 18B, sækja um leyfi til áð byggja tvílyft- íbúðar- og verzlunar- hús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 35 við Víðimel. Stærð 156.15 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 30. júní 1938. Samþykkt. Gjald kr. 86.00.

13. Stefán Einarsson, ~~Sjálfmargátt~~ Fjölnisvegi 3, sækir um leyfi til áð byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 62 við Víðimel. Stærð 88.42 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 66.00.

14. Aðalsteinn Guðmundsson, Þvervegi 2, sækir um um leyfi til áð byggja tvílyftverzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni við Þverveg og Reykjavíkurveg. Stærð 114.21 ferm. Frest- áð.

15. Lagt fram bréf frá Stefáni Thorarensen, lyfsala, til bæjarstjórnar, dags. 8. f.m. viðvíkjandi beiðni hans um hekkun á húsinu nr. 16 við Laugaveg. - Nefndin ítrekar ályktun sína á fundi 9. f.m. um áð veggghæð hússins megi ekki vera meiri en 13.2 m. á horni Laugavegs og Vegamótastígs, en vill áð öðru leyti samþykkja uppdrátt Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts, dags. 1. maí s.l., svo sem honum hefir verið skýrt frá. Þess skal getið, áð samkv. þessari teikningu nefndarinnar, verður húsið mun herra en lyfsalinn fer fram á í bréfi til nefndarinnar dags. 25. marz s.l.

16. Meiri hluti nefndarinnar vill leyfa breytingu á húsinu nr. 2 við Vesturgötu, sbr. fundargerð 5. júlí, 2. lið, áð því tilskyldu áð sú kvöð verði þinglesin á eigninni, áð verðaukning, sem verður á eigninni við Breytinguna lomi til frádráttar kaup- verði, ef bæjarsjóður þarf áð kaupa eignina. Gjald kr. 40.00.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Hörður Bjarnason. Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson. Sig. Pétursson. Guðm. Oddsson.

Rétt innfært eftir fundargerðinni.
Tómas Jónsson.

Ár
nefndin

1.
áð bygg
við Ber
95.00.

2.
til áð
sitt nr
10.00.

3.
til áð
og forst

4.
gera útl
sinni vi

5.
Vífilsög
lagsbrey
við Href

6.
til áð g
Stærð 8.

7.
til áð s
Samþykkt

8.
leyfi + i
ásveg.

9.
um leyfi
steypu,
þykkt.

10.
um leyfi
arlandsv

11.
ir um le
við Suðu

12.

Ár 1938, fimmtudaginn 28. júlí kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Jón Guðjónsson, Bergstaðastræti 50, sækir um leyfi til
að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 48A
við Bergstaðastræti. Stærð 91.06 ferm. Samþykkt. Gjald kr.
95.00.

2. Ásgeir Þorsteinsson, Fjölnisvegi 12, sækir um leyfi
til að stækka viðbyggingu þá, er hann hefir í smíðum við hús
sitt nr. 12 við Fjölnisveg, um 2.47 ferm. Samþykkt. Gjald kr.
10.00.

3. Bjarni Guðmundsson, Framnesvegi 9A, sækir um leyfi
til að breyta undirgangi hússins nr. 9A við Framnesveg í gang
og forstofu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

4. Sveinn Egilsson, Fjölnisvegi 3, sækir um leyfi til að
gera útlitsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á lóð
sinni við Hlemm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

5. Ari Eyjólfsson, Hringbraut 63, og Viggó Eyjólfsson,
Vífilsögðu 11, sækja um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomu-
lagsbreytingar á húsi því er þeir hafa í smíðum á lóðinni nr. 8
við Hrefnugötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

6. Þórarinn Kristjánsson, Hringbraut 120, sækir um leyfi
til að gera viðbyggingu við hús sitt nr. 120 við Hringbraut.
Stærð 8.0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

7. Haraldur Árnason, Laufásvegi nr. 33, sækir um leyfi
til að setja tvo glugga á efri hæð hússins nr. 33 við Laufásveg.
Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

8. Theódór Arnbjörnsson, Bólstað við Laufásveg, sækir um
leyfi til að setja kvist á bakhlíð hússins Bólstaður við Lauf-
ásveg. Frestað.

9. Sælgætis- og efnagerðin Freyja Lindargötu 4, sækir
um leyfi til að byggja þrílyft verksmíðju- og íbúðarhús úr stein-
steypu, á lóðinni nr. 2A við Lindargötu. Stærð 127.1 ferm. Sam-
þykkt. Gjald kr. 135.00.

10. Halldór Stefánsson, Hömrum við Suðurlandsveg, sækir
um leyfi til að setja kvist á vesturenda hússins Hamra við Suð-
urlandsveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

11. Hersveinn Þorsteinsson, Hömrum við Suðurlandsveg, sækir
um leyfi til að ~~hálða~~ setja kvist á austurhlíð hússins Hamra
við Suðurlandsveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

12. Ásgeir Sigurðsson, Sölvhólgötu 12, sækir um leyfi

til að breyta gluggum á viðbyggingu við húsið nr. 12 við Sölvhólsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Filipus Guðmundsson, Þórsgötu 19, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 52 við Víðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

14. Jóhann Kristjánsson, Brávallagötu 48, sækir um leyfi til að gera kolageymslu við húsið nr. 7 við Vífilsgögu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

15. Karl Gíslason, Vífilsgötu 9, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 9 við Vífilsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

16. Stefán Thorarensen, Vífilsgötu 11, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 11 við Vífilsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

17. Sveinn Guðmundsson, Vífilsgötu 13, sækir um leyfi til að gera girðingu um lóðina nr. 13 við Vífilsgötu. Frestað.

18. Aðalsteinn Sigurðsson, Vífilsgötu 15, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 15 við Vífilsgötu. Frestað.

19. Sigurður Einarsson, c/o vélsmiðjunni Héðinn, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni við Þverveg. Stærð 67.8 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 50.00. Jafnframt er synjað beiðni um að byggja aðeins neðri hæð hússins.

20. Aðalsteinn Guðmundsson, Þvervegi 2, sækir um leyfi til að byggja tvílyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni við Þverveg. Stærð 114.2 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 69.00. Jafnframt er synjað beiðni um að byggja aðeins neðri hæð hússins.

21. Bjarni Pétursson, Vesturgötu 46, sækir um leyfi til að byggja einlyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Egisgötu. Stærð 180.0 ferm. Frestað til afhugunar.

22. Guttormur Andrésen, sækir f.h. db. Siggeirs Torfasonar um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 19 við Laugaveg. Ennfremur að stækka inngönguskrú þess um 1.66 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 20.00.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson. Guðm. Oddsson. Guðm. Eiríksson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Tómas Jónsson.

Ár 1938, fimmtudaginn 11. ágúst kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Ísafoldarprentsmiðja h/f., Austurstræti 8, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulags breytingar á húsinu nr. 8 við Austurstræti. Ennfremur að gera viðbyggingu við það, 1.68 ferm. að stærð. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
2. Guðjón Guðmundsson, Barónsstíg 24, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 24 við Barónsstíg. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
3. Andrés Sveinbjörnsson, Bárugötu 8, sækir um leyfi til að stækka úr steinsteypu, bifreiðarækúr sinn á lóðinni nr. 8 við Bárugötu, um 12.65 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
4. Guðmundur Jónsson, Garðastræti 14, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 16 við Bergþórugötu og ennfremur að breyta vinnustofu og geymslu í kjallara í íbúð. Frestað.
5. Benedikt Jónsson, Bjargarstíg 15, sækir um leyfi til að breyta gluggum á framhlíð hússins nr. 15 við Bjargarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
6. Guðmundur Jónsson, Garðastræti 14, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 16A við Bergþórugötu og ennfremur að breyta vinnustofu og geymslu í kjallara í íbúð. Frestað.
7. Magnús Vigfússon, Bókhlöðustíg 11, sækir um leyfi til að gera ýmsar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 11 við Bókhlöðustíg. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
8. Sigurjóm Sigurðsson, Hverfisgötu 57A, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 57A við Hverfisgötu. Stærð 10.20 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.
9. Sören Bögeskóv, Kringlumýrarbletti XIX, sækir um leyfi til að stækka gripahús sitt á erfæafestulandinu, Kringlumýrarbletti XIX, um 19.24 ferm. Samþykkt samkvæmt skilyrði bæjarráðs. Gjald kr. 28.00.
10. Einar Erlendsson, Skólustræti 5, sækir f.h. db. J. Lange, um leyfi til að setja dyr á neðri hæð hússins nr. 10 við Laugaveg. Synjað.
11. Anna Gunnarsdóttir, Laugavegi 60, sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsinu nr. 60 við Laugaveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
12. Sigurður Jónsson, Njálsgötu 3, sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsinu nr. 3 við Njálsgötu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

13. Ellert Magnússon, Skeggjagötu 13, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 12 við Skeggjagötu. Stærð 87.14 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 68.00.

14. Valdimar Guðjónsson, Sogamýrarbletti XLIII, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erf a-festulandinu Sogamýrarbletti XLIII. Stærð 105.0 ferm. Samþykkt með skilyrði. Gjald kr. 55.00.

15. H/f. Litir & Lökk, sækir um leyfi til að gera pall og tröppur við verksmiðjuhús sitt við fyrirhugaða götu í Rauðararholti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

16. Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10C, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 46 við Reynimel. Stærð 83.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 66.00.

17. Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10E, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 48 við Reynimel. Stærð 83.6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 66.00.

18. Nathan & Olsen, Vesturgötu 2, sækir um leyfi til að setja kvist á bakhlíð hússins nr. 2 við Vesturgötu. Synjað.

19. Anna Benediktsdóttir, Vesturgötu 11, sækir um leyfi til að setja dyr og glugga á neðri hæð hússins nr. 11 við Vesturgötu. Frestað.

20. Bjarni Pétursson, Vesturgötu 46 (46) sækir um leyfi til að byggja einlyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Agisgötu. Stærð 180.0 ferm. Frestað.

Fleira ekki afgreitt.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson. Guðm. Oddsson. Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

Rét. innfært eftir fundargjörðinni.
Pétur Halldórsson.

Ar
nefndin

1.
leyfi f
inni nr
kr. 8.0

2.
til að
á lóðin
leyfti
lenging

3.
að gera
nr. 3 v

4.
að gera
veg. S

5.
að bygg
nr. 38B
41.00.

6.
að brey
þykkt.

7.
sækir u
ins nr.

8.
að brey
á lóðin

9.
gera ým
smíðum
skilyrði

10.
til að
að.

11.
að gera
mel. S

Ár 1938, fimmudaginn 25. ágúst, kl. 5 e.h., hélt byggingar-
nefndin fund í skrifstofu bæjarráðs.

Fundarefni:

1. Guðjón Guðmundsson, Barónsstíg 24, sækir um byggingar-
leyfi fyrir steinsteypuskúr þeim, er byggður hefir verið á lóð-
inni nr. 24 við Barónsstíg. Stærð 26.1 ferm. Samþykkt. Gjald
kr. 8.00.

2. Óskar Jónsson, Bræðraborgarstíg 12C, sækir um leyfi
til að byggja einslyft íbúðarhús úr timbri á steiptum kjallara,
á lóðinni nr. 12C við Bræðraborgarstíg. Timburhúsið er að mestu
leyfti flutt af lóðinni nr. 11 við Bræðraborgarstíg vegna fram-
lengingar Bárugötu. Stærð 46.65 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 23.00.

3. Ágúst H. Bjarnason, Hellusundi 3, sækir um leyfi til
að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á kjallara hússins
nr. 3 við Hellusund. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.

4. Sigurður Bendsen, Grettisgötu 71, sækir um leyfi til
að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 84 við Lauga-
veg. Stærð 11.34 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

5. Eiríkur Hjartarson, Laugavegi 20, sækir um leyfi til
að byggja tvílyfta verkstæðisbyggingu úr steinsteypu, á lóðinni
nr. 38B við Klapparstíg. Stærð 79.95 ferm. Samþykkt. Gjald kr.
41.00.

6. Ólafur Sigurðsson, Óðinsgötu 14, sækir um leyfi til
að breyta gluggum á götuhlið hússins nr. 14 við Óðinsgötu. Sam-
þykkt. Gjald kr. 5.00.

7. Þorsteinn Sch. Thorsteinsson, Thorvaldsensstræti 6,
sækir um leyfi til að setja dyr í stað glugga á vesturhlið húss-
ins nr. 6 við Thorvaldsensstræti. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

8. Hermann Jónasson, Tjarnargötu 32, sækir um leyfi til
að breyta afstöðu bifreiðarskúrs þess, er hann hefir í smíðum
á lóðinni nr. 42 við Tjarnargötu. Synjað.

9. Nathan & Olsen, Vesturgötu 2, sækir um leyfi til að
gera ýmsar fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er þeir hafa í
smíðum á lóðinni nr. 2 við Vesturgötu. Samþykkt, samanber fyrri
skilyrði. Gjald kr. 5.00.

10. Anna Benediktsdóttir, Vesturgötu 11, sækir um leyfi
til að setja dyr og glugga á húsið nr. 11 við Vesturgötu. Frest-
að.

11. Einar Sveinsson, Sólvallagötu 36, sækir um leyfi til
að gera girðingu úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 58 við Víð-
mel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

12. Gunnlaugur Ólafsson, c/o e/s. Goðafoss, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um leigulóðina nr. 60 við Viðimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

15. Sveinn Vigfússon, Sólvallagötu 14, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr vikurplötum, á lóðinni við Þverveg. Stærð 92.48 ferm. Frestað og ákveðið að leita álits bæjarverkfræðings um styrkleika hússins.

14. Bjarni Pétursson, Vesturgötu 46, sækir um leyfi til að byggja einlyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Egisgötu. Stærð 180 ferm. Samþykkt með 4:1 atkvæði, með því skilyrði, að verksmiðjurekstur verði laður niður á þessum stað ef bæjarstjórn kefst þess eftir 5 ár eða síðar. Gjald kr. 112.00.

15. Timburverzlun Árna Jónssonar, Hverfisgötu 54, sækir um leyfi til að byggja þrílyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 56 og 56A við Hverfisgötu. Stærð 259.58 ferm. Frestað.

16. Sveinn M. Hjartarson, Bræðraborgarstíg 1, sækir um leyfi til að stækka kvist á bakhlíð hússins nr. 1 við Bræðraborgarstíg. Samþykkt. Gjald kr. 1.00.

17. Guðmundur Jónsson, Túngötu 47, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 53 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

18. Björn Jónsson, Hávallagötu 11, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu, um lóðina nr. 55 við Reynimel. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

19. Byggingarfulltrúi leggur til að lóð sú, er talin hefir verið nr. 4A við Hörpugötu, verði framvegis talin nr. 6 við Hörpugötu. Samþykkt.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson. Sigurður Pétursson. Guðm. Eiríksson
Hörður Bjarnason. Pétur Ingimundarson. Jón Axel Pétursson.

Rétt innfært eftir fundargjörðinni.

Pétur Halldórsson.

Ar
ingarn
1.
að bre
götu.
2.
lyfta
kr. 10
3.
um ley
við Fl
4.
spenni
36.0 fe
5.
leyfi t
hæð hús
6.
um leyf
á lóðin
Gjald k
7.
till að
10.6 fe
8.
að brey
Gjald k
9.
spennis
við Lau
10.
að hækka
4 við La
11.
að bygg
